

REGLUR

um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustöðum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlægum og sérreglum um einstök efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu eða verða fyrir mengun frá þeim.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Efni sem getur valdið krabbameini:* efni eða efnablöndur er flokkast sem efni sem getur valdið krabbameini samkvæmt gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.
- b. *Efni sem getur valdið stökkbreytingu:* efni eða efnablöndur er flokkast sem efni sem getur valdið stökkbreytingu samkvæmt gildandi lögum um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim.
- c. *Mengunarmörk:* hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu í andrúmslofti starfsmanna á tilgreindu viðmiðunartímabili.

II. KAFLI

Skyldur atvinnurekanda.

4. gr.

Áhættumat.

1. Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er, áhrif einstakra efna svo og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, svo að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.

2. Áhættumatið skal hafa sérstaka hliðsjón af störfum innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfsmanna sem sinna þeim sé meiri hættu búin vegna mengunar eða af öðrum ástæðum.

3. Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér mengun frá mörgum efnum sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samanlagt frá þeim öllum.

4. Atvinnurekandi skal halda skrá um þær forvarnir og aðrar sértækar ráðstafanir sem hann grípur til í tengslum við áhættumatið. Enn fremur skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið reglulega einkum ef orðið hafa verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

5. gr.

Ráðstafanir vegna mengunar.

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.

2. Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfseminnar, að nota efni sem telst ekki vera hættulegt eða síður hættulegt heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem það er notað.

3. Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir hættu á mengun skv. 1. og 2. mgr., að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættumatsins skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá til þess að dregið verði úr mengun eins og kostur er. Á þetta sérstaklega við um störf þar sem aukin hættu er á mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, svo sem viðhald. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum:

- a. draga úr magni efna sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustaðnum í samræmi við eðli starfseminnar og fjarlægja þau með viðeigandi hætti,
- b. framleiða og nota efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem unnt er,
- c. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun,
- d. haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu dreifist innan vinnustaðar,
- e. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum, t.d. með viðunandi loftræstingu, og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling, t.d. með notkun persónuhlífa,
- f. gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu dreifist innan vinnustaðar,
- g. gera neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu þegar mengun hefur átt sér stað,
- h. nota merki sem vara við hættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu svo og önnur viðeigandi viðvörðunarkerki, t.d. merki sem banna reykingar,
- i. afmarka hættusvæði,
- j. láta safna saman úrgangi, geyma hann og farga honum á öruggan hátt, meðal annars með því að nota þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt samkvæmt viðeigandi aðferð,
- k. sjá til þess að öruggum aðferðum sé beitt við meðhöndlun og flutning efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu innan vinnustaðarins.

4. Atvinnurekandi skal reglulega gera nauðsynlegar mælingar á efnamengun sem kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu. Magn efnis skal ekki fara yfir mengunarmörk samkvæmt gildandi reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

5. Atvinnurekandi skal afmarka vinnusvæði þar sem niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hættu búin og takmarka aðgang óviðkomandi að því.

6. Atvinnurekandi skal gæta þess að starfsmaður starfi ekki lengi í einu við aðstæður þar sem heilsu og öryggi hans er hætta búin vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

6. gr.

Upplýsingar til Vinnueftirlits ríkisins.

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess:

- a. niðurstöður áhættumats skv. 4. gr.,
- b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,
- c. ástæður þess að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu er notað og hvort unnt sé að nota önnur síður hættuleg efni í staðinn,
- d. magn þess efnis eða efnablöndu sem er notuð og inniheldur efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,
- e. fjölda starfsmanna sem varð fyrir mengun,
- f. nafn og hæfni öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum,
- g. verndar- og forvarnaráðstafanir sem eru viðhafðar, þar á meðal hvaða gerð persónuhlífa er notuð.

2. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu geti valdið mengun.

7. gr.

Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa.

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

2. Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp sem eiga sér stað í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og grípa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að ráða bót á ástandinu.

4. Einungis skal heimila þeim starfsmönnum, sem brún þörf er á að sinni viðgerðum, að fara inn á umrætt vinnusvæði. Skal atvinnurekandi sjá til þess að þeir fái viðeigandi hlífðarfatnað, persónuhlífar og nauðsynlegan öryggisbúnað sem þeir skulu nota þangað til ástandinu er aflétt. Öðrum skal óheimill aðgangur að svæðinu.

8. gr.

Kröfur um hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna.

1. Þegar um er að ræða starfsemi þar sem heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna vinnu með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal atvinnurekandi tryggja að:

- a. starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar á vinnusvæðum þar sem hætta er á mengun efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu,

- b. starfsmenn fái viðeigandi hlífðarfatnað eða annan viðeigandi fatnað,
 - c. starfsmenn hafi aðgang að fullnægjandi snyrti- og salernisstöðu,
 - d. allar nauðsynlegar hlífar séu geymdar á réttan hátt á ákveðnum stað, yfirfarnar og þrifnar fyrir notkun, ef það er unnt, en skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar og lagfærðar ef þær bila eða nýjar teknar í notkun.
2. Starfsmenn skulu fara úr vinnufatnaði og hlífum sem kunna að hafa mengast frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustaðnum áður en hann er yfirgefinn. Gæta skal þess að umræddum fatnaði og hlífum sé haldið aðskildum frá öðrum fatnaði.
 3. Ráðstafanir samkvæmt ákvæði þessu skulu vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

9. gr.

Þjálfun starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Skal hún einkum fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:
 - a. hugsanlegt heilsutjón, einkum vegna tóbaksnotkunar,
 - b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun,
 - c. kröfur um hreinlæti,
 - d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar,
 - e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.
2. Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér vinnu við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um tæki og annan búnað á vinnustaðnum sem innihalda efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, geymslustaði þeirra, áhrif mengunar á heilsu þeirra og öryggi, hver séu mengunarmörkin í starfi sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.
2. Tæki og annar búnaður ásamt geymslustöðum sem innihalda efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skulu vera greinilega merkt.
3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu hefur hugsanlega borið út. Enn fremur skal atvinnurekandi upplýsa eins fljótt og kostur er um orsakir slyssins eða óhappsins og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á ástandinu.
4. Hver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða persónu hans sérstaklega og tilgreindar eru í skrá skv. 11. gr.
5. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast persónu manna.

11. gr.

Skrá yfir starfsmenn.

1. Atvinnurekandi skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem starfa á vinnusvæði innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem heilsu og öryggi manna er hætta búin. Í skránni skal tilgreina um hvers konar starf er að ræða og, ef unnt er, frá hvaða efni sem getur valdið krabbameini

eða stökkbreytingu mengunin stafaði, ásamt lýsingu á mengun, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.

2. Atvinnurekandi skal varðveita skrána skv. 1. mgr. í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

3. Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsuvernd starfsmanna skv. 12. gr. skulu hafa aðgang að skránni skv. 1. mgr.

4. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 1. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

12. gr.

Heilsuvernd starfsmanna.

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hættu búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.

2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun áður en hann hefur störf, þar sem hættu er á mengun, og reglulega eftir það. Enn fremur skal vera unnt að koma við aðhlyningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustað án ástæðulauss dráttar.

3. Hafi starfsmaður orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunar frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu, skal sá læknir sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna gefa öðrum starfsmönnum, sem unnið hafa við sömu aðstæður, kost á að gangast undir læknisskoðun. Þegar svo ber undir skal endurmeta áhættumatið skv. 4. gr.

4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal varðveita skrá um heilsuvernd starfsmanns í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnaráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna, sjá II. viðauka.

6. Atvinnurekandi skal upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um hvers konar heilsuvernd þeir eiga kost á eftir að þeir láta af störfum með efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndar er varðar persónu þeirra. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndar verði endurskoðaðar.

8. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu á vinnustað.

9. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

14. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli reglna þessara fer samkvæmt 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

IV. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, á tilskipun, nr. 97/42/EB, um fyrstu breytingu á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 36/98, og á tilskipun, nr. 99/38/EB, um aðra breytingu á tilskipun, nr. 90/394/EBE, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað, sem vísað er til í 14. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 95/2000.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 621/1995 um sama efni.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. janúar 2002.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli sem geta valdið krabbameini.**(a-liður 3. gr.)**

1. Áramínframleiðsla.
2. Störf þar sem starfsmenn verða fyrir áreitum fjölhringlaga arómatískra kolvetna úr kolasóti, koltjöru eða kolbiki.
3. Störf þar sem starfsmenn geta orðið fyrir mengun af ryki, reyk eða gufum sem myndast við glæðingu og rafgreiningu á nikkелgrýti.
4. Framleiðsla á ísóprópanóli þar sem sterk sýra er notuð.
5. Störf þar sem starfsmenn geta orðið fyrir mengun af ryki frá harðviði.

II. VIÐAUKI

Hagnýt ráð um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna.

(5. mgr. 12. gr.)

Hver sá sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna sem geta orðið fyrir mengun af efnun sem geta valdið krabbameini skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers starfsmanns.

Heilsuvernd starfsmanna skal framkvæmd í samræmi við reglur og venjur innan atvinnu-sjúkdómafræðinnar, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:

- a) að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
- b) persónulegu viðtali,
- c) líffræðilegum mælingum, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir en kveðið er á um í 2. mgr. þessa viðauka, fyrir hvern starfsmann sem fellur undir heilsuvernd, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.